

## Ályktun um atvinnu- og byggðamál

Landsfundur Kvennalistans haldinn á Seltjarnarnesi 15. - 17. nóv. 1991 ályktar eftirfarandi:

Styðja þarf við atvinnuuppbyggingu í dreifbýli og taka þá sérstaklega mið af atvinnubörf kvenna. Sú staðreynd að konum fjölgar á höfuðborgarsvæðinu og fækkar á landsbyggðinni kallar á tafarlausar aðgerðir í atvinnumálum.

Á nýlegri ráðstefnu á Ísafirði um atvinnumál kvenna voru margar hugmyndir á lofti. Þar var m.a. rætt um nýtingu nýrra fiskistofna, möguleika í ferðapjónustu, minjagripagerð, betri nýtingu íslensku ullaninnar og heimilisiðnað margskonar. Átakshópar eru nú í gangi að vinna úr þeim hugmyndum. Æskilegt væri að halda slikar ráðstefnur um allt land. Það gæti orðið aflgjafi nýrrar sóknar í byggðamálum og aukið á bjartsýni þeirra sem vilja byggja landið allt.

Kvennalistinn telur að nú þurfi fyrst og fremst jákvæðan áróður í byggðamálum, hætta þeirri neikvæðu umfjöllun sem verið hefur og halda fram kostum þess að búa úti á landi.

### Greinargerð:

Á árinu 1986 var hlutfall atvinnulausra af mannafla 0.7% og skiptist jafnt á milli kynja. Á árinu 1990 var atvinnuleysi fyrstu 8 máð. 2% af mannafla, atvinnuleysi kvenna 2.6%, en karla 1.6%. Þarna kemur í ljós mikill munur milli karla og kvenna. Á árunum 1981 - 1988 fjölgæði ársverkum á landsbyggðinni um 8.1%, en um 25.2% á höfuðborgarsvæðinu. Fjölgun starfa er aðallega í þjónustugreinum og í þeim störfum eru konur í meiri hluta. Hluti skýringar á því hvers vegna konum fjölgar á höfuðborgarsvæði en fækkar á landsbyggðinni er því fjölgunin í þjónustustörfunum.

## Ályktun á landsfundi Kvennalistans 1991.

**Landsfundur Kvennalistans haldinn á Seltjarnarnesi 15. - 17. nóvember 1991 samþykkir eftirfarandi ályktun:**

Nú er komið að lokaþætti samninga EFTA og EB um Evrópskt efnahagssvæði (EES). Samningamenn hafa komist að niðurstöðu en þjóðþing landanna, þar á meðal Alþingi, eiga alveg eftir að fjalla um málið, samþykkja samninginn eða hafna honum.

Áður en til endanlegrar afgreiðslu kemur á Alþingi þarf að liggja fyrir hvaða breytingar þarf að gera á gildandi lögum til að fullnægja ákvæðum samningsins ef hann verður samþykktur. Einnig er nauðsynlegt að þjóðin fái tækifæri til að láta álit sitt í ljós í almennri atkvæðagreiðslu í kjölfar vísðtækrar fræðslu á því hvað það hefur í för með sér að Ísland gerist aðili að EES.

Aðild að EES felur í sér að allir þegnar V-Evrópu fá óskoraðan rétt til jafns við okkur til atvinnu og að setja hér á fót og kaupa fyrirtæki í öllum greinum atvinnulífs, nema hvað reyna á að halda fiskveiðum og frumvinnslu sjávarafurða utan við seilingu þeirra.

Auðlindir landsmanna aðrar en þær sem er að finna í hafinu eru á þessu veisluborði fjármagnsins. Þetta á m.a. við um landið sjálft og hlunnindi þess og jafnvel orkulindirnar gætu áður en langt um líður fallið undir fjórfrelsíð svonefnda.

Íslendingar þyrftu að gera lög og reglur sem varða innri markað Evrópubandalagsins að sínum, jafnframt því sem þróun löggjafar á þessu sviði færi úr höndum Íslendinga þar sem EFTA rískin verða nauðug viljug að taka við nýmælum frá framkvæmdastjórn Evrópubandalagsins.

Eitt það alvarlegasta við ráðgerðan samning er það mikla afsal sjálfsákvörðunarréttar sem í honum felst. Verði hann samþykktur færum við dómsvald á mikilvægum sviðum til fjölkjóðlegs dómstóls, framkvæmdavaldið á samningssviðinu fer til yfirþjóðlegs aðila og með yfirtöku á nærtveimur þriðju hlutum af lögum og reglum EB væri þrengt með afdrifarískum hætti að sjálfu löggjafarvaldinu.

Með því að gerast aðilar að EES vaxa stórum lskurnar á að Ísland gerist aðili að sjálfu Evrópubandalaginu áður en langt um líður. Miklar lskur eru á að flestar EFTA þjóðir gangi í EB fyrir aldamót. Nú er reynt að hræða almenning til fylgis við aðild að EES með fullyrðingum um að þjóðin einangrist ella. Sömu rök munu fyrr en seinna verða höfð uppi til að rökstýðja aðild Íslands að EB eftir því sem þeim EFTA rískum fjölgar sem sækja um aðild að bandalaginu.

Íslendingar hafa mikla möguleika sem sjálfstæð og fullvalda þjóð ef rétt er á málum haldið. Við eignum verðmætar auðlindir í hafinu umhverfis landið. Við höfum ekki verið í neinum vandræðum hingað til að selja fiskinn okkar og það er ekkert sem bendir til annars en að eftirspurn vaxi í framtíðinni. Evrópumarkaðurinn verður okkur mikilvægur áfram og við þurfum ekki að gerast aðilar að EES eða EB til að geta selt fisk inn á markaði EB.

Í þessu máli megum við ekki hugsa í árum eða láta hugmyndir um skammtismaávinninga ráða niðurstöðu. Við eignum að setja okkur í spor þeirra Íslendinga sem unnu að því á síðustu öld að endurheimta sjálfstjórn í landinu eftir aldalanga áþján. Í máli sem varða grundvallaratriði í stöðu þjóðarinnar um langa framtíð má ekki rasa um ráð fram. Það hefur því miður verið gert, en ekki er um seinan að spryrna við fótum og reyna að ná áttum.

## Ályktun um málefni fatlaðra

um málefni fatlaðra nr 41/1983 og reglugerðar nr. 541/1988. I lögunum segir: "Markmið þessara laga er að tryggja fötluðum jafnrétti og sambærileg lífskjör á við aðra þjóðfélagsþegna og skapa þeim skilyrði til þess að lifa eðlilegu lifi og hasla sér völl i samféluginu þar sem þeim vagnar best".

Sambýli eru mikilvágur liður í framkvæmd þessara markmiða. Þau eru skilgreind í reglugerð sem heimili fámennra hópa fatlaðra. Þau skulu vera í almennum íbúðarhverfum eða annars staðar sem henta þykir og líkjast venjulegum heimilum. Sambýli hafa reynst vænlegur kostur til að veita mismunandi fötluðu fólk i þau sjálfsögðu mannréttindi að geta valið sér heimili og búið við sem eðlilegastar heimilisáðstæður.

I ljósi deiina, sem risið haf m.a. vegna sambýlis á Seltjarnarnesi og samþykktar meirihluta borgarstjórnar 7. nóvember um að sækja þurfi til byggingarnefndar um leyfi fyrir sambýli, heitir Landsfundurinn á stjórnvöld og allan almenning að standa vörð um áunninn réttindi fatlaðra og hindra að þau verði skert.

Ef sækja þarf um breytt landnotkun og viðhafa grenndarkynningu í hvert sinn sem koma á fyrir sambýli í íbúðarhverfum er það mannréttindaskerðing. Samþykktin getur því haft afdrifaríkar og ófyrirsjálegar afleiðingar fyrir fatlað fólk og velunnara þeirra. Því skorar fundurinn á meirihluta borgarstjórnar að hverfa frá samþykktinni frá 7. nóvember.

Fundurinn hvetur að lokum til almennrar baráttu fyrir auðnum mannréttindum, bættum kjörum og bættri aðstöðu fatlaðs fólks á Íslandi.

## Ályktun Kvennalistans um Fæðingarheimili Reykjavíkur.

Landsfundur Kvennalistans haldinn á Seltjarnarnesi 15. - 17. nóv. 1991 ályktar eftirfarandi:

Fæðingarheimili Reykjavíkur hefur talsverða sérstöðu í þjónustu við fæðandi konur. Sú sérstaða birtist m.a. í viðhorfum til fæðingarhjálpar og því að þar eru aðstæður heimilislegri en á stórum sjúkrahúsum. Þetta gerir að verkum að konur vilja viðhalda starfsemi Fæðingarheimilisins til þess að geta áfram átt val um mismunandi kosti í fæðingarþjónustu. Við minnum einnig á að það voru konur sem gáfu konum Fæðingarheimilið á sínum tíma. Við teljum okkur ekki þurfa að vera í stöðugri varnarbaráttu vegna endurtekinna tilrauna karla um að leggja það niður.

Í fjárlagafrumvarpi ríkisstjórnarinnar er ekki gert ráð fyrir fjárveitingum til Borgarspítalans til reksturs Fæðingarheimilisins. Þess í stað er gert ráð fyrir að ríkisspítalar taki yfir starfsemina.

Þessu mótmælir landsfundur Kvennalistans og skorar á heilbrigðisráðherra að hætta við þessi áform og tryggja áframhaldandi starfsemi Fæðingarheimilisins, sem konur þekkja af góðri raun. Fæðingarheimili Reykjavíkur á skilið að fá að dafna og halda áfram sínu mikilvæga þróunarstarfi í þágu kvenna.

### GREINARGERD:

Viðhorf i fæðingarhjálp hafa verið að breytast hægt og sígandi á undanförnum árum, bæði hér á Íslandi og erlendis. Þessar breytingar hafa e.t.v. ekki farið hátt í hinu opinbera heilbrigðiskerfi, heldur er nær að tala um fremur hljóðláta þróun sem breiðst hefur út meðal einstaklinga í heilbrigðiðsstellum og ekki siður fengið góðan hljómgrunn meðal þeirra sem fæðingin snertir hvað mest þ.e.a.s. foreldranna.

Hin nýju viðhorf snúa fyrst og fremst að móðurinni, þátttöku hennar og hlutverki í fæðingunni. Litið er svo á að frá náttúrunnar hendi búi konan yfir þekkingu og hæfileikum til að fæða barn sitt á þann hátt sem er bæði móður og barni fyrir bestu. Dregið er verulega úr afskiptum lækna og ljósmæðra, sem fyrst og fremst koma inn sem stuðningsaðilar og til öryggis ef einhver vandkvæði koma upp.

Áhersla er lögð á velliðan, hlýleika, kærleiksrikt andrúmsloft og rólegt umhverfi. Lagt er kapp á að skapa konunni umhverfi þar sem hún finnur sig frjálsa að því að gera hlutina eins og henni er eðlilegt og líður best með sjálfri, en ekki eftir fyrirfram ákveðnum reglum um hvað sé rétt og rangt. Þetta byggir á því að konan sjálf sé best fær um að dæma hvað er henni eðlilegt og með því að hlusta eftir þeim skilaboðum sem likaminn gefur henni, þurfi hún litla sem enga leiðsögn til að fæða barn sitt á þann hátt sem bæði móður og barni er fyrir bestu. Mestu skiptir að konan fái að njóta í friði þessarar persónulegu og einstöku reynslu sem enginn getur upplifað nema hún sjálf.

04.9

### Ályktun um sjálfstæði Króatiu og Slóveniu

Landsfundur Kvennalistans haldinn á Seltjarnarnesi 15. - 17. nóv. 1991 tekur eindregið undir ályktun þingfloks Kvennalistans frá 7. okt. 1991 og samþykkir eftirfarandi:

Landsfundur Kvennalistans skorar á ríkisstjórn Íslands að beita sér þegar í stað á vettvangi Sameinuðu þjóðanna, í umræðum, með tillöguflutningi eða hverjum þeim hætti sem árangursríkur gæti orðið, fyrir aðgerðum, sem stöðva megi blóðbaðið og eyðilegginguna í Júgóslavíu. Það má ekki dragast deginum lengur að gripið verði inn í rás viðburða og stillt til friðar.

Kvennalistinn er þeirrar skoðunar, að ríkisstjórninni beri að viðurkenna sjálfstæði Króatiu og Slóveniu og vinna að því á alþjóðavettvangi að fleiri ríki geri hið sama. Því fleiri sem viðurkenna sjálfstæði Króatiu og Slóveniu því meiri möguleikar eru á að sambandsstjórnin og herinn viðurkenni að sambandsríkið Júgóslavía í núverandi mynd er úr sögunni.

Íslendingar eiga að standa vörð um sjálfsákvörðunarrétt þjóða og það er skylda okkar að beita okkur í þágu friðar, mannúðar og mannréttinda.

## ÁLYKTUN VEGNA NIÐURSKURDAR Í HEILBRIGÐISKERFINU -

Landsfundur Kvennalistans haldinn á Seltjarnarnesi 15. - 17. nóv.  
1991 ályktar eftirfarandi:

Kvennalistinn mótmælir miðstýringaráformum ríkisstjórnarinnar sem felast m.a. í því að leggja niður eða breyta vel reknum sjúkrastofnunum svo sem St. Jósepsspítala í Hafnarfirði, Hafnarbúðum og Fæðingarheimili Reykjavíkur. Niðurskurður sem beinist að því að leggja niður stofnanir þar sem daggjöld eru lág og sameina þær öðrum með margfalt hærri daggjöld þer ekki vott um hagsýni. Sparnaður verður enginn en þjónusta við sjúklinga versnar og bið eftir læknishjálp lengist.

A sama tíma og aðrar þjóðir hafa gefist upp við miðstýringu, erum við að auka hana. Þegar aðrir hafa uppgötvað, að stór sjúkrahús og hjúkrunarheimili eru dýrari í rekstri en meðalstór og reyna að skipta þeim í smærri einingar fórum við öfugt að, nú er reynt að sameina og mynda stærri einingar og það jafnvel á kostnað vel rekinna lítilla og meðalstórra stofnanna.

Pá vill Kvennalistinn mótmæla framkomnum hugmyndum um að gera Landakotsspítala að óldrunarspítala. Slíkar stofnanir eru í algerri andstöðu við nútíma hugmyndir um aðbúnað og umönnun aldraðra hjúkrunarsjúklinga. Þá verður heldur ekki séð að þessi breyting hafi í för með sér nokkra fjölgun hjúkrunarrúma fyrir aldraða í Reykjavík - eins og er þó yfirlýst markmið með henni. Þvert á móti bendir flest til þess að 50-60 rúm muni tapast við þessa breytingu.

Við sjálfsagða endurskoðun og hagræðingu í heilbrigðispjónustu er nauðsynlegt að gæta faglegra sjónarmiða og leita álits allra þeirra stéttu sem þar starfa. M.a. má huga að endurnýtingu í stað einnota búnaðar og draga úr óhofslegri lyfjanotkun, en mikilvægt er, að hagræðing í rekstri bitni aldrei 'sa gæðum þjónustunnar eða auki kostnað hennar fyrir neytendur.

Í heilbrigðismálum leggur Kvennalistinn höfuðáherslu á heilsuvernd og fyrirbyggjandi aðgerðir enda tryggir þetta tvennt mestan sparnað í heilbrigðiskerfinu þegar til lengri tíma er litið. Kvennalistinn mótmælir harðlega framkomnum hugmyndum um að innheimt sé gjald fyrir slíka þjónustu á heilsugæslustöðvum og vill í því sambandi sérstaklega nefna mæðraskoðun og ungbarnaefstirlit. Slík gjaldtaka fyrir frumheilsugæslu hefur ekki tilkast og gæti í raun unnið gegn grundvallarmarkmiðum heilsuverndar, þ.e. að tryggja almennt heilbrigði.

Auðvelda verður óldruðum sem þess óska að vera sem lengst á eigin heimili m. a. með aukinni heimahjúkrun og heimilishjálp. Við niðurskurðaráform sín væri stjórnvöldum hollt að hafa hugfast að það voru konur sem komu á fót þeim sjúkrastofnunum sem þau vilja nú leggja niður og það voru konur sem áttu frumkvæðið að

byggingu Landspítalans. Það hlýtur því að teljast kaldhæðnislegt ef sparnaðaráform ríkisstjórnarinnar í heilbrigðismálum nú koma sérstaklega niður á konum. Í því sambandi vill Kvennalistinn benda á að heilbrigðispjónusta við konur mun versna til muna verði Fæðingarheimilið lagt niður og öllum aðgerðum í kvensjúkdómum hætt á St. Jósefsspítala og Landakotsspítala. Álag á kvennadeild Landspítalans er nú þegar mjög mikil og getur deildin engan veginn bætt á sig á fjórða hundrað fæðingum á ári og mörg hundruð kvensjúkdómaaðgerðum við óbreyttar aðstæður.

## ÁLYKTUN UM MENNTAMÁL

Landsfundur Kvennalistans haldinn á Seltjarnarnesi 15. -  
17. nóv. 1991 ályktar eftirfarandi:

Framtið og sjálfstæði íslensku þjóðarinnar er ekki síst undir því komin að hún eflí menntun sína og menningu. Á samdráttartínum er nauðsynlegt að styrkja menntakerfið og efla rannsóknir og tilraunir sem orðið geta til að skapa vinnu í landinu. En blikur eru á lofti.

Núverandi ríkisstjórn hyggst koma á skólagjöldum á framhaldsskólastigi og í háskólum. Fresta á nýsamþykktum ákvæðum grunnskólalaga sem boða framfarir og bæta stöðu yngstu nemendanna. Próun leikskólans fær að biða og boðuð er aukin einkavæðing í skólakerfinu. Hugmyndir eru uppi um grundvallarbreytingar á Lánasjóði íslenskra námsmanna sem munu koma harðar niður á konum en körlum. Stytta á endurgreiðslutíma námslána og nánast afnema tekjutengingu, en það getur þýtt að konur hliðri sér við að fara í nám einfaldlega vegna þess að þær hafa ekki sömu tækifæri og karlar á að borga það til baka. Með þessum hugmyndum er verið að hverfa frá jafnrétti til náms.

Hér eru á ferð rangar áherslur sem Kvennalistinn mótmælir harðlega og mun beita sér gegn af alefli.

Börnin eru dýrmæstasta eign hvers þjóðfélags. Peim verður að tryggja dagvistun og góða menntun. Hægagangur í uppbyggingu dagvista fyrir börn er forkastanlegur og í engu samræmi við aukna atvinnupátttöku kvenna og þarfir fjölskyldna í nútímasamfélagi. Skortur á dagvistarrými er hrópandi vitnisburður um stjórnarstefnu sem hvorki tekur mið af hagsmunum barna, fjölskyldna né framtið þjóðarinnar.

Stöðva verður fyrirhuguð áform ríkisstjórnarinnar í menntamálum. Komist þau í framkvæmd getur tekið mörg ár að leiðréttu þau afdrifaríku mistök. Tökum höndum saman og hrindum þessum áformum.

## Ályktun um menningarmál

Landsfundur Kvennalistans haldinn á Seltjarnarnesi 15. - 17. nóv. 1991 andmælir þeim tvískinnungi sem kemur fram annars vegar í hátiðalofrllum ráðamanna um íslenska menningu og gildi hennar fyrir íslenskt þjóölíf og hins vegar framkomu bessara sömu ráðamanna í garð menningarstofnana okkar. Ríkisstjórnin beitir sér nú fyrir stórfelldum niðurskurði á framlögum til listasafna, leiklistarstarfssemi og menningarstofnana yfirleitt. Veigamiklar stofnanir á borð við Þjóðminjasafn og Þjóðskjalasafn eru í fjárvelti sem kann að leiða til algjörrar niðurníðslu. Þá er eina ferðina enn gert ráð fyrir því á fjárlögum að svipta stærstu menningarstörfum þjúðarinnar, Ríkisútvarpið, lögbundnum tekjustofni, sem átti þó á fjölmölaöld að vera brjóstvörn þess eina íslenska fjölmööls, sem kalla má frjálsan frá kaldrifjuðum markaðsöflum.

Á timum erfiðleika og svartsýni er öfugt menningarlíf ein helsta uppsprettu þeirra nýju hugmynda og skapandi umræðu sem þörf er á til að efla djörfung og dug og auka bjartsýni á framtíð lands og þjóðar. Ríkisstjórnin setti að telja sér skyld að standa vörð um þær stoðir menningarlifsins, sem eru í hennar forsjá, í stað þess að skera svo niður framlög, að um niðurníðslu þeirra og jafnvel dæudóm verður að ræða.

04.9

## Ályktun um umferðaröryggismál

Landsfundur Kvennalistans haldinn á Seltjarnarnesi 15. - 17. nóv.  
1991 lýsir áhyggjum vegna tiðra slysá á ungu fólk í umferðinni.

Slys eru eitt mesta heilbrigðisvandamál samtímans og fjórða  
aigengasta dauðaorsökin. Þó þjáningar og missir fólks í slysum verði  
aldrei metinn til fjár er nauðsynlegt að benda á að umferðarslys  
kosta þjóðina gífurlega fjármuni eða á sjötta milljarð á ári. Það sem  
af er þessu ári hafa tuttugu og fjórir einstaklingar láttist í  
umferðarslysum, fimm konur og nitján karlar. Ellefu þeirra voru  
innan við þrítugt.

Kvennalistinn leggur áherslu á að ef árangur á að nást í  
umferðarslysavörnum þarf að bæta öku kennslu, efla löggæsiu,  
leggja aukna áherslu á fræðslu, bæta almennингssamgöngur og  
útryma slysagildrum í umhverfinu.